



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Símafundur 7. október 2013 kl. 11.00

Mætt eru: Anna Björg Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Davíð Samúelsson, Þórir Erlingsson, Þorvarður Hjaltason og Sigrún Kapitola Guðrúnardóttir.

Viðburðir

- Kynning á dagskrár Uppskeruhátíðar 2013
- Davíð kynnir dagskrá uppskeruhátíðar 21, nóvember. Afþreyingu, fordrykk og fl. Haldið í Hveragerði, heiðursgestur Ragnheiður Elín. Uppistand og tónlistaratriði og ball. Dagskráin hefst kl 14 með ferð.

Markaðsmál

- Kynning á ferðapökkum
Fundir sem haldnir hafa verið hafa gengið vel og á dagskrá að halda fund í Hornafirði og í vestursýslunni í vetur.
Tillaga sett fram um að útbúa fuglatengdan pakka um Suðurland í samvinnu við fuglaklasann.
- Framhald verkefnisins - www.winterwonderland.is / Sóknaráætlun 2020
Verkefnið í smá óvissu vegna fjárlaga sem ætla að leggja niður Sóknaráætlun. Spurning hvort að við ættum að sækja um styrk til þess að geta haldið verkefninu út veturinn og fram á vor.

Sýningar og kynningar

Davíð fór yfir þær kynningar sem koma til greina að taka þátt í á næstu misserum. Kostnaður MSS er misjafn varðandi þátttöku og er það þá tengt því hver okkar þáttur er, beinn þátttakandi eða samstarfsaðili með öðrum.

- Janúar London í samvinnu við Finnland og Eistland / workshop
- Febrúar Mid Atlantic 2013 Reykjavík
- Febrúar Ferie for alle Herning
- Danmörk, neytendasýning, Davíð kannar kostnaðinn við þessa sýningu.
- Febrúar Norður England (EDI/GLA/MAN) / workshop
- Mars TUR – Gautaborg
- Hér væri Davíð í bás með Íslandsstofu.
- Mars (FRA/BEL) / workshop
- Davíð falið að setja sýningarnar upp í excel, með kostnaði, hvar við erum sér og hvar við værum í samstarfi / með öðrum á bás.

- Mars Sunnlenskir dagar
Bændadagar .. heimsókn heim .. að ferðabjónustuaðilum og þjónustuaðilum á Suðurlandi.

Ákveðið að Davíð búi til kostnaðaráætlun og leggi fyrir næsta fund um þátttöku í þessum sýningum og workshopum. Eins meta virði hverrra sýningar fyrir sig.

Starfsmannamál

Starfsmaður Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sem er í 50% hjá okkur í samstarfi við Kötlu Jarðvang. Hennar starf fer að ljúka hjá Körtlu jarðvang og þá er spurning hvort að við getum skoðað að fá hana í 100% starf hjá MSS. Davíð falið að gera drög að fjárhagsáætlun með tilliti til aukins starfsmannafjölda / starfsígilda.

Davíð er að fara í sumarfrí í hálfan mánuð í nóvember og í nokkra daga í desember.

Önnur mál

Umræður um síðuna Winter Wonderland. Mikilvægi þess að aðilar að markaðsstofunni hafi frumkvæði að því að koma upplýsingum og efni til MSS. Það hvað hver aðili fær út úr samstarfi sínu við MSS er að miklu leyti undir þjónustuaðilanum komið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 11:51

Fundargerð ritaði Sigrún Kapítola.